



Reykjavík, 2. júní 2025
VEL25060002

TILLAGA

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni tillögu: Tilnefning í stjórn Fjölsmiðjunnar á höfuðborgarsvæðinu

Lagt er til að Guðný Maja Riba taki sæti sem fulltrúi Reykjavíkurborgar í stjórn Fjölsmiðjunnar á höfuðborgarsvæðinu í stað Ellenar J. Calmon.

Greinargerð:

Fjölsmiðjan á höfuðborgarsvæðinu er sjálfseignarstofnun, stofnuð árið 2001 af Rauða krossi Íslands, félagsmálaráðuneytinu, Vinnumálastofnun og sveitarfélögum höfuðborgarsvæðisins. Starfsemi Fjölsmiðjunnar er staðsett að Víkurhvarfi 2 í Kópavogi og þar starfa 12 starfsmenn. Markmið Fjölsmiðjunnar er að starfrækja verkþjálfunar-, framleiðslu- og fræðslusetur fyrir ungt fólk á aldrinum 16-24 ára en smiðjan er einnig opin fyrir 25 ára ef sérstök þörf er á. Fjölsmiðjan leitast við að vera í góðum tenglum við vinnumarkaðinn og félagsleg úrræði og vera sýnilegur valkostur þegar velja þarf leiðir í lífinu. Áhersla er lögð á að þeir nemar sem hafa verið við störf í Fjölsmiðjunni fari þaðan sterkari einstaklingar, félagslega, námslega og séu hæfari á vinnumarkað.

Stjórn Fjölsmiðjunnar er skipuð fimm stjórnarmönnum samkvæmt tilnefningum frá félagsmálaráðuneytinu, mennta- og barnamálaráðuneytinu, Vinnumálastofnun, Reykjavíkurborg og Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH), sem tilnefna einn aðila hver.

Næsti aðalfundur Fjölsmiðjunnar er 6. júní nk. og verður ný stjórn kjörin á þeim fundi. Reykjavíkurborg leggur til að Guðný Maja Riba verði fulltrúi Reykjavíkurborgar í stað Ellenar J. Calmon sem ekki gefur kost á sér á ný.

Á meðfylgjandi hlekk má finna ársskýrslu Fjölsmiðjunnar 2023 og starfs- og rekstraráætlun ársins 2024. <https://fjolsmidjan.is/um-okkur/opinber-gogn/>



Reykjavík